

Geðhjálp mótmælir

MORGUNBLAÐINU hefur borist eftirfarandi yfirlýsing frá stjórn Geðhjálpar: „Stjórn Geðhjálpar mótmælir harðlega málatilbúnaði sendiherra Kína sem sagði í Kastljósi sjónvarps 11. júní sl. að ýmis dæmi væru um að fólk yrði geðsjúkt (insane) vegna ástundunar Falun Gong. Kínversk stjórnvöld hafa síðastliðin ár nauðungarvistað þúsundir meðlima Falun Gong á geðsjúkrahúsum, sem hluta af skoðanakúgun í landinu. Mannréttindasamtök á borð við Amnesty International hafa harðlega gagnrýnt kínversk stjórnvöld fyrir það hvernig fólk er handsamað og flutt á geðsjúkrahús til lengri eða skemmri tíma vegna skoðana og lífstíls.

Margsannað er að innhverf fhugun, öndunar- og leikfimisæfingar stuðla að bættri geðheilsu og telur stjórn Geðhjálpar það forkastanlegt að sendiherra Kína skuli með framgöngu sinni reyna að halda uppi ranghugmyndum og fordómum um orsakir geðsjúkdóma. Það er umhugsunarvert hvort sé líklegra að valda geðröskunum í Kína; skoðanakúgun, pyndingar og vistun í vinnubúðum eða æfingar Falun Gong.”